

Föstudaginn 11. nóvember 1955.

Nr. 141/1954. Kol & Salt h/f (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Valgeiri Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson)

og

Valgeir Jónsson

gegn

Kol & Salt h/f og

Hafnarsjóði Reykjavíkur

(Einar B. Guðmundsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Halvarðsen og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1954 og krafist þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið gagnáfrýjunarleyfi 4. október 1954 og gagnáfrýjað málinu með stefnu 11. okt. 1954. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda, Hafnarsjóði Reykjavíkur, verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 6743.05 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, en eigi er ástæða til að taka kröfu stefnda um málskostnað til greina.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kol & Salt h/f, greiði gagnáfrýjanda, Valgeiri Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn af kröfu stefnda, Hafnarsjóðs Reykjavíkur, um málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Valgeir Jónsson bifreiðarstjóri, Kirkjuvegi 30, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. maí 1953, gegn Ásgeiri Jónssyni forstjóra, Hóla-vallagötu 3, f. h. Kol og Salt h/f og Valgeiri Björnssyni hafnarstjóra, Laufásvegi 67, f. h. Reykjavíkurhafnar, báðum hér í bæ, sameiginlega til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 8574.66 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara er stefnukröfunni mótmælt sem of hárri.

Málavextir eru þessir:

Síðla dags hinn 30. desember 1952 ók stefnandi bifreið sinni, Ö 33, sem er leigubifreið, frá Togaraafgreiðslunni við austanverða Reykjavíkurhöfn sem leið liggur vestur með höfninni áleiðis að hafnsögu-bátnum, en hann átti að flytja tvo farþega bifreiðarinnar um borð í togara, sem lá á ytri höfninni. Dimmt var orðið, enda klukkan um 6 e. h. Er stefnandi ók eftir hafnarbakkannum fyrir framan kola-kranann, sá hann, að trekt hékk niður úr krananum við efri takmörk hafnarbakkans og var verið að renna kolum úr trektinni á vörubifreið. Skip lá við hafnarbakkann fyrir framan kolakranann. Áður en stefnandi kom að trektinni, kveðst hann hafa numið staðar, en er hann hafði athugað aðstæður nánar, kveðst hann hafa haldið áfram, þar eð hann áleit, að verið væri að nota kranann til vinnu við kolabing, en ekki við að afferma skipið, því að hann sá enga hreyfingu á krananum í þá átt. Stefnandi sá, að maður stóð hjá bifreið þeirri, sem verið var að ferma, og virtist stjórna hleðslunni. Stefnandi kveður mann þenna ekki hafa gefið sér nein aðvörunarmerki eða vísbendingu um, hvað færi þarna fram. Stefnandi ók síðan áfram og ók vel sjávarmegin við trektina. Er hann kom á móts við trektina, féll koladamba yfir bifreiðina. Greip kolakranans var þá

að koma upp úr skipinu, og hrundi úr henni nokkurt magn af kolum, er hún kom yfir hafnarbakkann. Ók stefnandi í skyndi undan hrúni þessu, stöðvaði bifreiðina og fór út úr henni til að athuga þetta nánar. Sá hann nú, að vinstri framrúða bifreiðarinnar var brotin og brestur í þeirri hægri, vélarhlíf, þak, hurð farangursgeymslu, hægri frambretti og vinstra afturbretti höfðu beyglazt. Þá voru og minni dældir hingað og þangað á þessum stöðum. Er atburður þessi gerðist, kveður stefnandi, að myrkur hafi verið og staðurinn illa upplýstur, en hvorki rigning né snjókoma. Stefnandi kveðst engin aðvörunarmerki hafa séð þarna, en kveðst áður, að degi til, hafa tekið eftir skiltum á krananum, þar sem varað er við að fara undir kranann á meðan hann vinnur. Stefnandi átti nú tal við menn, sem unnu við kranann, en hélt síðan áfram ferð sinni.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að svæði það, sem hann ók um, er fyrrnefndur atburður gerðist, lúti yfirráðum beggja stefndu, þegar verið er að vinna á því, eins og í umrætt skipti. En öryggisútbúnaði og varúðarráðstöfunum hinna stefndu sé áfátt, og beri þeir því solidariska ábyrgð á öllu tjóni því, sem stefnandi varð fyrir.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að svæði það, sem um ræðir, sé vinnusvæði, eins og allir hafnarbakkar og bryggjur, og þeir, sem um slík svæði ferðist án þess að vera þar að vinnu, geri það á eigin áhættu og ábyrgð. Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að allur öryggisútbúnaður á staðnum hafi verið í fullkomnu lagi, er fyrrnefndur atburður gerðist. Tjónið hafi orðið fyrir vítavert gáleysi stefnanda sjálfs, og hann verði því að bera tjón sitt sjálfur.

Menn, sem unnu við kolakranann í umrætt skipti, hafa skýrt svo frá, að kraninn hafi verið upplýstur með þremur 500 kerta perum. Var ein á sleða þeim, sem greipin er á, önnur lýsti upp bifreiðina, sem verið var að ferma, og ein pera á bita yfir hafnarbakkanum, og lýsti hún niður. Önnur vinnuljós eða aðvörunarmerki munu ekki vera á krananum á þessum stað. Þá mun kraninn einnig hafa staðið nálægt götuljósi. Sömu menn hafa einnig skýrt frá því, að yfirleitt skipti menn þeir, sem vinna við kranann, sér ekki af umferðinni um hafnarbakkann, þegar kolakraninn vinnir.

Kröfur sínar í málinu hefur stefnandi sundurliðað þannig:

- | | |
|---|------------|
| 1. Vinstri framrúða samkvæmt reikningi | kr. 611.05 |
| 2. Ísetning á sömu rúðu | — 100.00 |
| 3. Bifreiðakostnaður milli Keflavíkur og Reykjavíkur vegna rannsóknar | — 132.00 |
| 4. Áætlaður viðgerðarkostnaður samkvæmt mati .. | — 6231.61 |
| 5. Vinnutjón, áætlað 10 dagar á kr. 150/— | — 1500.00 |

Samtals kr. 8574.66

Um 1., 2. og 3. lið. Af hálfu stefnda eru þessir liðir viðurkenndir.

Um 4. lið. Stefndandi hefur lækkað upphæð þessa í kr. 5000.00, og er sú upphæð viðurkennd af hálfu stefndu.

Um 5. lið. Aðiljar hafa orðið ásáttir um að leggja 6 daga vinnu-
tap til grundvallar fjárhæð þessa kröfuliðs, en greinir á um, hve
vinnutap nemi miklu á dag. Hafa stefndu viljað miða við kr. 90.00
á dag, og þykir það hæfilegt. Verður þessi liður því tekinn til greina
með kr. 540.00.

Stefnda Reykjavíkurhöfn er að vísu eigandi lóðar þeirrar, er
kolakraninn stendur á. Hins vegar hefur meðstefnda, Kol og Salt
h/f, lóð þessa á leigu og er eigandi kolakranans. Hefur það full um-
ráð yfir þessu hvorttveggja, þótt armur kolakranans nái út fyrir
takmörk leigulóðarinnar. Telja verður, að stefnda Reykjavíkurhöfn
hafi mátt treysta því, að Kol og Salt h/f hefði allan öryggisútbún-
að í sambandi við notkun kranans í lagi og hún hafi því ekki, eins
og á stóð, haft aðstöðu til að gera sjálf sérstakar varúðarráðstaf-
anir. Skortur á fullnægjandi öryggisútbúnaði verður því ekki talinn
vera á ábyrgð Reykjavíkurhafnar. Ber því að sýkna hana af kröfum
stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því
er hana varðar.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti. Aðvör-
unarmerki, ca 1 m × ½ m á stærð, hangir á örmum kranans í um
tveggja mannhæða hæð og er á þessa leið: „Farið varlega þegar
hegrinn vinnur“. Merki þessi munu sjást ógreinilega, er dimma tek-
ur. Hafnargarðarnir þarna eru að vísu ekki ætlaðir til aksturs bif-
reiða að öpörfu, en hins vegar mun slíkur akstur tíðkast þar. Þar
sem ljóst er, að hætta getur stafað af krananum, þegar hann vinnur
að fermingu eða affermingu skipa, ber að tálma umferð, er svo
stóð á. Stefnda Kol og Salt h/f sem eigandi og umráðamaður þessa
tækis gætti þessa ekki, og verður það því talið bótaskyld gagnvart
stefnanda.

Á slíkum stöðum sem hafnargörðum ber að sýna sérstaka að-
gæzlu við bifreiðaakstur, því einatt má búast við ýmsum hættum
og hindrunum. Stefndandi var kunnugt um aðvörunarmerki á kran-
anum og honum var ljóst, að kraninn var í notkun. Bar honum því
að ganga úr skugga um, að engin hætta væri á ferðum, áður en hann
ók áfram. Hefur hann því ekki sýnt næga aðgæzlu og þykir því
rétt, að hann beri ½ tjónsins sjálfur.

Stefnda Kol og Salt h/f ber því að greiða stefnanda kr. 3191.53
ásamt málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 950.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda Reykjavíkurhöfn skal vera sýkn af kröfum stefnanda,
Valgeirs Jónssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Stefnda Kol og Salt h/f greiði stefnanda kr. 3191.53 ásamt

Áfrýjandi, Steingrímur Árnason, greiði stefnda, Ísi h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, að viðlagðri aðför að lögum.